



Alþingi  
Erindi nr. P 140/337  
komudagur 18.11.2011

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2011

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptöku nefnd). 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 8 – 8. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint lagafrumvarp til breytinga á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála. Markmið frumvarpsins er að innleiða nýtt fyrirkomulag við mat á beiðnum um endurupptöku mála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti.

Mannréttindaskrifstofa fagnar frumvarpinu og telur að með því verði tryggt hlutleysi við ákvörðun um endurupptöku mála. Mannréttindaskrifstofa gerir engar sérstakar athugasemdir við frumvarpið en vill áréttta eftirfarandi;

Í 1. mgr. 70 .gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er öllum tryggður réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Með því að setja á fót sérstaka ákvörðunar nefnd um endurupptöku mála sem fallið hafa í hæstarétti verður tryggt að ekki taki sömu aðilar ákvörðun um endurupptöku máls og komust að niðurstöðu fyrir dómstólum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur